

Skipulagsstofnun
b/t Jón Smári Jónsson
Borgartún 7B
105 Reykjavík

Reykjavík 29. maí 2019
UST201903-276/R.K.
10.05.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – Matsskyldufyrirspurn – Endurheimt Hítarár í Borgarbyggð

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 13. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Framkvæmdaraðili er Veiðifélag Hítarár og er hér eftir nefnt framkvæmdaraðili.

Framkvæmdarlýsing

Samkvæmt greinargerð framkvæmdaraðila er ráðgert að endurheimta árfarveg Hítarár eftir að berghlaup 7. júlí 2018 úr Fagraskógarfjalli vestan árinnar breytti vatnafari hennar. Um er að ræða 1,5 km hluta árinnar sem fylltist við berglaupið og stendur 7 km árfarvegur neðan þess nánast þurr. Þess í stað myndaðist lón ofan skriðunnar og áin rennur nú í nýjan farveg framhjá skriðunni í hliðaránnna Tálma. Við þetta glataðist hrygningarsvæði laxa í Hítará. Framkvæmin felst í því að móta nýjan farveg í gegnum berghlaupið á um 1,9 km löngum kafla til að endurheimta hrygningarsvæðið og veiðisvæði í ánni.

Vatnasvæði Hítarár er víðfeðmt og er vatnasið þess um 318 km² en nútímahraun þekja stóran hluta þess. Áin ber hvor tveggja einkenni lindarár og dragár.

Fram kemur í greinargerð að ráðgert sé að koma uppgreftri nýs árfarvegs fyrir í bökkum og að möl verði lögð í botninn. Fjallað er um valinn kost við gerð árfarvegs í gegnum skriðuna og umhverfisáhrif þeirrar framkvæmdar. Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir svæðið og á aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði skv. greinargerð (bls. 10).

Fram kemur í greinargerð að framkvæmdaraðili stefnir á að hefja framkvæmdir haustið 2019 og að verkið taki 3-4 mánuði og verði því lokið um byrjun árs 2020. Umhverfisstofnun bendir á að framkvæmdartími byggir að miklu leiti á ákvörðun

Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar og að endurskoða þarf tímaáætlun ef ákvarðað verður að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Fram kemur í greinargerð sem Skipulagsstofnun gaf út í ákvörðun sinni um tilkynningarskyldu framkvæmdar að þörf væri á því að ræða vatnsstjórnunarframkvæmdir vegna landbúnaðar líkt og hér um ræðir vegna endurheimtar tiltekinna hlunninda bújarða við Hítará. Umhverfisstofnun tekur undir það.

Valkostir

Í greinargerð eru lagðir til tveir valkostir (bls. 6). Valkostur 1 er að laga nýjan farveg árinnar í Tálma, grafa skurð meðfram skriðunni, leggja nýjan vegslóða meðfram Hítarlóni og Tálma og koma fyrir laxastigum. Valkostur 2 er að opna farveg Hítarár með því að grafa í gegnum skriðuna og leggja vegslóða meðfram skurðinum. Í greinargerð er seinni valkosturinn talin betri og líklegri til að valda minna raski og er því valinn kostur framkvæmdar.

Umhverfisstofnun telur að fjalla þurfi betur um valkost 1 þar sem viðeigandi mannvirki (slóðar og laxastigi) eru sett upp á þeim stað þar sem áin rennur nú fram hjá skriðu. Stofnunin telur valkost 1 byggja meira á því náttúrulega ferli sem hefur átt sér stað við myndun nýs farvegs árinnar eftir fall skriðunnar. Telur því stofnunin að fjalla þurfi betur um umfang framkvæmda og staðsetningu laxastigi svo hægt sé að bera þennan valkost betur saman við aðra valkosti. Þessu tengt bendir Umhverfisstofnun á það sem fram kemur í skýrslu Sigurðar Más Einarssonar og Ástu Kristínar Guðmundsdóttur (2018) *Botngerðarmat á vatnasvæði Hítarár á Mýrum* að í Tálma sé ófiskgenginn foss á stuttum kafla sem hindri göngu laxfiska að Hítarvatni (bls. 17).

Umhverfisstofnun minnir á nýlega úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sem leggja ríka áherslu á skýra umfjöllun um raunhæfa valkosti í mati á umhverfisáhrifum.

Einungis er fjallað um valinn kost í greinargerð (valkostur 2) en innan þess valkosts er fjallað um þjárvismundandi leiðir í gegnum skriðuna; A, B og C (bls. 7). Lagt er til að leið B sé hentugust út frá mati á gegndræpi undirliggjandi hrauns og efnismagni sem þyrfti að ryðja. Gert er ráð fyrir því að skurðurinn verði 6 m djúpur og botninn 18 m breiður og mun krefjast um 350.000 m^3 gröft (bls. 8). Grjót verður lagt í botn árfarvegs og í tilbúna árbakka til varnar og til að móta svæðið svo það sé hentugt búsvæði fyrir fiska (búnar til hrygningarstöðvar). Ekki er gert ráð fyrir að sækja þurfi efni annars staðar heldur mun efni fást úr skurðgreftinum eða úr skriðunni sjálfri (bls. 9).

Í völdum kosti er gert ráð fyrir því að vegslóðar verði lagðir sitt hvoru megin við skurðinn til að gera vinnuvélum kleift að komast að svæðinu en þeir slóðar muni nýtast veiðimönnum í framtíðinni. Fram kemur í greinargerð að vegslóðar verði 6 m breiðir með um 20.000 m^3 efnispörf (bls. 8).

Ljóst er að um er að ræða talsvert stóra framkvæmd sem krefst umtalsverðs efnisnáms og efnisvinnu við mótnun árfarvegar með tilheyrandí aðkomu stórra vinnuvéla og gerð slóða meðfram árfarveginum. Umhverfisstofnun telur rekstraraðila þurfi að gera skýra grein

fyrir allri efnistöku og meðhöndlun þess efnis sem ráðgert er að grafa úr skriðunni og not þess við slóðagerð. Þá þarf að greina frá haugsetningu og hvað sé rágert að gera við það umframefni sem úr skurðinum kemur. Stofnunin telur ljóst að ef það efni eigi aðeins að setja upp í flága við hlið skurðar muni það mynda háa hauga sem líklegir eru til að hafa umtalsverð neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins.

Núllkostur

Umhverfisstofnun bendir á núll-kost sem felur í sér enga framkvæmd og enga breytingu á lóninu sem myndast hefur ofan skriðu og rennsli Hítarár í Tálma og þeim árfarveg sem mótað hefur eftir fall skriðunnar.

Í greinargerð kemur fram að: „*EKKI HEFUR VERIÐ SKOÐAÐ HVER ÁHRIFIN Á SVÆÐIÐ VERÐA EF EKKERT ER AÐ GERT EN HINS VEGAR MÁ GERA RÁÐ FYRIR AÐ FRAMKVÆMDIN FÆRI VATNABÚSKAP SVÆÐISINS TIL FYRRI VEGAR OG MUNI ÞANNIG STYRKJA FYRRA ÁSTAND GRÓÐURFARS*“ (bls. 14). Þá segir einnig: „*EFL EKKI VERÐUR AF FRAMKVÆMD ER HUGSANLEGT AÐ LANDBROT VERÐI ÞAR SEM ÁIN [TÁLMI] RENNUR NÚ, EN EKKI HEFUR VERIÐ GERÐ ÚTTEKT Á ÞVÍ*“ (bls. 18). Umhverfisstofnun minnir á mikilvægi þess að fjallað sé um núll-kost framkvæmdar, það að athafast ekki, í mati á umhverfisáhrifum sé framkvæmdin ákvörðuð matsskyld.

Endurgerð árfarvegs

Sú framkvæmd að grafa árfarveg í nú bergfylltan jarðveg er manngerð framkvæmd sem Umhverfisstofnun telur ekki eiginlega endurheimt, heldur er um endurgerð farvegs að ræða. Ljóst er að endurgerð þessa kafla árinnar mun aldrei líkjast náttúrulega árfarveginum, nema bara að litlu leiti. Líklegt er að það taki langan tíma fyrir lífriki árinnar og árbakka að byggjast upp að nýju á framkvæmdarsvæði.

Stofnunin bendir á að vandasamt er að móta árfarveg þannig að áin haldist stöðug svo ekki komi til rofs í árbökkum. Svæði sem skriðan hylur er ómótaður jarðvegur og mun uppgræðsla þar og uppbrygging vistkerfa taka langan tíma, bæði á landi og í vatni. Í greinargerð segir að mat jarðfræðings sé að umfang mögulegs framburðar sé lítið og áhrifin tímabundin þegar opnað verður fyrir nýjan farveg árinnar (bls. 14). Umhverfisstofnun telur ekki koma fram nægilegar upplýsingar í greinargerð til að taka undir þetta álit og telur þörf á frekari athugun á jarð- og efnafræðilegum eiginleikum skriðunnar, útskolu efnis í ánnu og rof í bökkum í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdar.

Í greinargerð er ekki nægilega vel fjallað um þá aðferðarfræði sem framkvæmdaraðili hyggst nýta við uppbryggingu nýs árfarvegar og hvar sú aðferðarfræði hefur heppnast í samskonar framkvæmdum. Hugleiða þarf hvort aðferðarfræði sem lýst er í greinargerð henti fyrir íslensk straumvötn þar sem búast má við miklum vatnavöxtum og auknu rennsli og hvort þær aðstæður eigi við um Hítará. Athugun á framangreindu er nauðsynleg við greiningu valkosta í mati á umhverfisáhrifum að mati Umhverfisstofnunar.

Þá bendir stofnunin einnig á að fjalla þurfi um áform vöktunar á áhrifum framkvæmdar á gæðapætti vatnshlota Hítarár (104-218-R) og Tálma (104-430-R), þ.e. hvernig

framkvæmdaraðili hyggst afla upplýsinga um ástand vatnshlotsins fyrir neðan framkvæmdarsvæði.

Mat á umhverfisáhrifum

Umhverfisstofnun áréttar í matsskyldufyrirspurn þessari ætti að fjalla um þau áhrif sem framkvæmd sé líkleg til að hafa á ánna líkt og hún rennur í dag. Þá er leitast eftir því að varðveita umhverfisástand svæðis í þeirri mynd sem það er í fyrir framkvæmd. Ástand svæðisins í dag er rennsli Hítarár úr Hítarvatni að lónssvæði ofan skriðu þaðan sem rennsli leitar í árfarveg árinnar Tálma áður en það sameinast á ný í Hítará við ármót Melsár og rennur þaðan í Akraós.

Hins vegar eru þær breytingar sem orðið hafa vegna framhlaups skriðunnar sumarið 2018 ekki til umfjöllunar í fyrirliggjandi matsskyldufyrirspurn að mati Umhverfisstofnunar.

Við mat á umhverfisáhrifum skal taka mið af umfangi og eðli framkvæmdar auk staðsetningar og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar á tiltekna umhverfispætti. Helstu umhverfispættir sem teknir eru fyrir í greinargerð matsskyldufyrirspurnar eru; fiskar, gróðurfar, fuglar, ásýnd, jarðmyndanir, vatnafar og samfélag. Framkvæmdaraðili telur áhrif á gróðurfar fugla og ásýnd vera óveruleg, áhrif á fiska, vatnafar og samfélag vera jákvæð til mjög jákvæð, en metur áhrif framkvæmdar á jarðmyndanir sem neikvæð.

Fiskar

Áhrif framkvæmdar á fiska eru mikil þar sem stefnt er að endurheimta hrygningarsvæði laxfiska sem hafa glatast við tilkomu skriðunnar. Áhrif á fiskana sjálfa eru því metin jákvæð í greinargerð en Umhverfisstofnun bendir á að ekki er fjallað um þær tilfærslur sem verða á hrygningarsvæðum í núverandi árfarvegi. Fram kemur að ekki hefur verið rannsakað hver áhrif skiðunnar hafa verið á fiskgengd sökum þess hversu stutt er síðan skriðan fíll skv. greinargerð (bls. 13). Þar með liggja ekki fyrir nægar upplýsingar um ástand svæðisins eins og það er nú fyrir fyrirhugaðar framkvæmdir, þ.e. upplýsingar um grunnástand svæðisins. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að kannað sé hvert laxfiskar leita nú eftir að skriðan fíll og hvar möguleg hrygningarsvæði myndast á náttúrulegan hátt á vatnasvæðinu. Fjallað eru um að byggja þyrfti laxastiga ef kæmi til valkosts 1 að grafa meðfram skirðunni (bls. 6) en óljóst er hvar hann lægi eða hve mikil mannvirki slíkur laxastigi væri.

Ásýnd og jarðmyndanir

Fram kemur í greinargerð að framkvæmdin muni breyta ásýnd svæðisins (bls. 18) og tekur Umhverfisstofnun undir það. Umrædd framkvæmd er að mati stofnunarinnar líkleg til að hafa talsverð áhrif á ásýnd svæðis miðað við núverandi ástand.

Áhrif skurðgraftar þvert í gegnum skriðuna munu hafa neikvæð áhrif á jarðmyndunina sem er sjálf skriðan (áhrifasvæði framhlaups) að mati stofnunarinnar. Skriðan sem fíll síðasta sumar er að mati Náttúrufræðistofunar Íslands með merkari jarðminjum landsins og hefur hátt verndar- og fræðslugildi sem dæmi um virk ferli landmótunar (bls. 18). Umhverfisstofnun tekur undir það og telur að þetta gildi skriðunnar auki þörf þess að

framkvæmdir sem fela í sér talsverðar breytingar á skriðunni gangist undir mat á umhverfisáhrifum.

Í greinargerð er fjallað um breytingu sem varð í vatnafari Kattarfoss við berghlaupið og tilfærslu vatnafars Hítarár í Tálma. Við endurgerð árfarvegar í gegnum skriðuna myndi vatnsflaumur í Kattarfoss snúa nær fyrra horfi. Fossar njóta verndar skv. 3. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga. Hins vegar beinist sú vernd gegn raski sem kann að hafa áhrif á fossa, en nær ekki til rasks eða aðgerða til að endurheimtar fossa sem hafa raskast á náttúrulegum orsökum að mati Umhverfisstofnunar.

Áhrif framkvæmdar

Við fall skriðunnar yfir upprunalegan árfarveg Hítarár þornaði farvegurinn upp neðan skriðu á 7,2 km kafla líkt og fram hefur komið. Í greinargerð er fjallað um núverandi ástand aukins vatnafars í hliðaránni Tálma og því sé hætta á að áin flæði yfir bakka sína (bls. 14). Þar með telur framkvæmdaraðili það vera kost endurgerðar árfarvegs í gegnum skriðuna að minnka flóðahættu í Tálma. Ekki er fjallað mikið um núverandi ástand Tálma í greinargerð og telur stofnunin að fjalla þurfi betur um áhættu vatnavaxta í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdar.

Stofnunin bendir á að sú aðgerð sem hér er til umfjöllunar er líkleg til að hafa mun fóknari áhrif á allt vatnakerfi Hítarár að árósum Akraóss til langstíma vegna líklegrar útskolumar efna úr manngerðum árfarvegi sem liggur í gegnum skriðu. Um er að ræða tæpa 2 km langan skurð og því mikið efnismagn og möguleiki á gruggmyndun og útskolu efna. Umhverfisstofnun fær ekki séð að jarðefnunasamsetning skriðunar hafi enn verið könnuð. Vekur stofnunin athygli á því að áhrifin munu líklega ná mun lengra en það svæði sem fjallað er um í greinargerð og þörf á að kanna það nánar.

Í greinargerð er ekki fjallað um þá gæðapætti sem tilheyra stjórn vatnamála. Þeir gæðapættir byggja upp mat á vistfræðilegu ástandi vatnshlots t.d. botngróðurs og hryggleysingja. Þá er ekki minnst á aðra gæðapætti líkt og leiðni, næringarefnni, sýrustig o.s.frv.

Umhverfisstofnun telur meiri óvissu vera til staðar á annars vegar hugsanlegri virkni aðgerðanna, við endurheimt hrygingarsvæði laxfiska, og hins vegar þeirra áhrifa sem þessi aðgerð mun hafa á Hítará neðan framkvæmdarsvæðis sem tæki við vatni úr manngerða vatnshlotinu.

Niðurstaða

Mat á umhverfisáhrifum skal að mati Umhverfisstofnunar alltaf miðast við núverandi grunnástandi. Stofnunin telur móton veiði- og hrygningarsvæða, með endurgerð árfarvegar í gegnum skriðuna úr Fagraskógarfjalli, vera mikil inngríp eftir atvik sem átti sér stað af náttúrulegum orsökum. Með því er verið að hafa umtalsverð áhrif á ferli svæðisins við að ná jafnvægi á ný eftir berghlaupið.

Ljóst er að fyrirhuguð framkvæmd valkosts 2 til endurheimtar fyrri aðstæðna fyrir berghlaupið er líkleg til að hafa umtalsverð áhrif hvað varðar núverandi ástand. Sú framkvæmdin er umfangsmikil og talsvert inngríp í þá náttúrulegu framvindu sem verður eftir berghlaup af þessari stærðargráðu. Auk þess mun skurðgröftur í gegnum skriðuna valda talsvert neikvæðum áhrifum á skriðuna. Markmið valins kosts framkvæmdar (valkostur 2) er fyrst og fremst að endurheimta tiltekin hlunnindi bújarða við Hítará en ekki almenna gengd laxfiska að Hítarvatni.

Greina þarf ítarlega frá valkostum 1 og 2 og núll-kosti í mati á umhverfisáhrifum að mati Umhverfisstofnunar. Stofnunin telur manngerðan árfarveg í gegnum skriðuna ekki vera til þess fallin að falla betur að landslagi en núverandi farvegur sem áin hefur rutt sér á náttúrulegan máta.

Sýna þarf fram á að laxfiskur gangi ekki upp nýja árfarveg Tálma og þaðan að Hítarvatni og meta umfang laxastigans sem myndi heimila þá fiskgengd. Umhverfisstofnun telur fyrirliggjandi upplýsingar benda til þess að valkostur 1 sé líklegri til að valda minni áhrifum á svæðið, m.t.t. líklegra áhrifa á Hítará og rasks á skriðunni sjálfri. Valkostur 1 býður upp á minna inngríp í náttúrulega ferla og kanna þurfi því nánar áhrif mismunandi valkosta framkvæmdar.

Sökum eðlis, umfangs og óvissu áhrifa framkvæmda á umhverfisþætti telur Umhverfisstofnun fyrirhugaða framkvæmd umfangsmikla. Með vísan í framangreint telur stofnunin að ofangreind framkvæmd sé líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og sé því háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfallst



Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur



Marianne Jensdóttir Fjeld
Marianne Jensdóttir Fjeld
sérfræðingur